Per mentis

## Útskrift

Nú er komið að útskrift en hér eru upplýsingar um það sem tekur við þar sem umsjón og stjórn á meðferðinni færist yfir til heilsugæslunnar.

Við útbúum læknabréf sem við sendum á þinn heimilislækni.

Ef þú ert ekki með skráðan heimilislækni sendum við bréfið á þína heilsugæslustöð.

Við mælum með að þú sendir skilaboð á heimilislækninn/heilsugæslustöðina eftir u.þ.b. viku í gegnum heilsuvera.is þar sem þú lætur vita af útskriftinni og spyrð hvernig þau vilja standa að yfirtökunni á meðferðinni.

Spurningum og öðru varðandi meðferðina á því í kjölfarið að beina til heilsugæslunnar sem getur þá breytt meðferð, skipt um lyf eða annað eftir því sem þörf krefur. Er þörf þykir á frekari aðkomu okkar síðar þarf að koma ný tilvísun frá heimilislækni.

Þú færð lyfseðil frá okkur fyrir sex mánaða skammti en eftir það áttu að geta endurnýjað í gegnum heilsugæsluna t.d. á heilsuvera.is.

Takk fyrir samveruna

(+354) 583 3500
info@permentis.is
permentis.is
Síðumúli 23, 108 Reykjavík, Iceland